

Nr. 21.

20.
október.

L ö g

um breyting á tolllögum fyrir Ísland nr. 54, 11. júlí 1911, 1. gr. 15.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

15. liður í 1. gr. tolllaganna frá 11. júlí 1911 orðist svo:
15. Af öllum brjóstsykurs- og konfekt-tegundum og öðrum sætindatilbúningi, sem notaður er á sama hátt og brjóstsykur og konfekt, þar með taldir sykraðir ávextir (kandiseraðir ávextir)....80 aura af hverju kílógr.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalínborg, 20. október 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Nr. 22.

20.
október.

L ö g

um breyting á lögum um vörutoll, 22. okt. 1912.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Auk þeirra vörotegunda, sem taldar eru í 1. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirfarandi vörur:

Sóda, krít, eldfastur leir, karbíd, bensín, þakhellur (Skifer) og smjörsalt.

Auk þeirra vörotegunda, sem taldar eru í 2. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu teljast þar til tollgjalds eftirnefndar vörur:

Allskonar skepnufóður, segldúkur og tilbúin segl, seglgarn, allskonar netagarn, ^{Nr. 22.} strigi, lausar umbúðir, ullarsekkir, fljettuvoðir til umbúða (mottur), strigaábreiður ^{20.} (hvort sem þær eru tjargaðar, farfaðar eða eigi), vjelaáburður, húsapappi, allskonar kaðlar, allskonar færi og fiskinet, kork, netakúlur og flotholt, hjóklafar (blakkir), saumur, ljáblöð, brýni, hverfisteinar, járnkarlar, sleggjur, steðjar, sláttuvjelar, plógar, herfi, skóflur, spaðar, kvíslar, bátavjelar (mótorar), akkeri og akkerisfestar, kokolit, járnbitar til húsagerðar, ofnar, eldavjelar, járnþípur, járnbrautarteinar og spengur, rær og gaddar til járnbrautargerðar, gips, hefilspænir og sag, olíufatnaður, gólfdukar (linoleum) og gólfbræðingur (linotol).

Þriðji liður 1. greinar vörutollslaganna skal vera sem hjer segir:

Af allskonar vefnaðarvöru, fatnaði (þar með talinn allskonar skófataður) tvinna og allskonar garni, öðru en seglgarni og netagarni, 0,60 kr. af hverjum 10 kílogr.

Auk þeirra vörutegunda, sem taldar eru í 5. lið 1. gr. vörutollslaganna, skulu þar taldir bátar.

Sjötti liður 1. greinar vörutollslaganna skal vera sem hjer segir: Af öllum öðrum gjaldskyldum vörum 0,20 kr. af hverjum 10 kílogr. Sama gjald skal greiða af öllum þeim vörum, sem heyra til 1.—2. og 4.—5. lið, ef þær eru í umbúðum með öðrum vörum, eða í svo löguðum umbúðum, að tegund vörunnar verður eigi greind, nema hún sje tekin úr umbúðum.

Pappír skal undanþeginn vörutolli, ennfremur tilbúin áburðarefni, leirþípur, sandur til járnsteypu, skip og bátar, sem siglt er til landsins.

2. gr.

Gjald af póstbögglum, sem getur um í 2. gr. vörutollslaganna, skal vera 30 aurar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1914.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 20. október 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.